

Tuttugasti fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 30. nóvember 2016 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS, forfallaðist með stuttum fyrirvara.

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Fréttir af INTERACT

Forstöðumaður sagði frá því að fyrsti fundur nýs áfanga í INTERACT samstarfinu verður haldinn hér á landi 24. -27. janúar 2017. Von er á um 50-60 vísindamönnum á fundinn sem haldinn verður á Park Inn hótelinu í Keflavík. Fundurinn er mjög gott tækifæri fyrir Þekkingarsetrið og stoðstofnanir þess til að kynna starfsemi sína og rannsóknaaðstöðuna. Stjórn lýsti yfir ánægju með að Þekkingarsetrið sé orðinn fullgildur aðili að INTERACT og einnig með að fundurinn verði haldinn hér.

2. Rekstraráætlun 2017

Forstöðumaður kynnti drög að rekstraráætlun næsta árs. Stjórn samþykkti hana einróma. Rætt var um að fá ný tilboð í váttryggingar á næsta ári og að fara yfir verðskrá setursins fljótlega með tilliti til verðlagsþróunar.

3. Önnur mál

Engin önnur mál. Ákveðið var að næsti fundur verði haldinn miðvikudaginn 22. febrúar 2017 kl. 15.

Fundi var slitið kl. 17:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdótti - SIGN

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

Sverrir Guðmundsson - SIGN

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN